

VS Sviðslistir 2.-3. bekkur

Kennarar: Sara Gísladóttir

2, 3

Lýsing

Kennsla í sviðslistum.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslan byggir á sögum, leikjum, söng og hreyfingu. Nemendur vinna með einföld hljóðfæri, texta og leikræna tjáningu. Verkefnin eru fjölbreytt, bæði einstaklings- og hópverkefni, þar sem lögð er áhersla á sköpun og tjáningu.

Námsaðlögun

Verkefnin eru útfærð á mismunandi flækjustigi. Nemendur sem þurfa stuðning fá skýrari leiðbeiningar og styttri verkefni, á meðan nemendur sem eru lengra komnir fá að þróa eigin hugmyndir og hlutverk.

Námsmat

Matið byggir á ferli og framlagi. Nemendur fá endurgjöf á þátttöku, frumkvæði og samvinnu. Sjálfsmat er nýtt til að efla vitund um eigið starf og framfarir.

VS Sviðslistir yngsta stig

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.
- Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.
- Unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.
- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.

VS Sviðslistir yngsta stig - Dans

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama.
- Tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara.

VS Sviðslistir yngsta stig - Leiklist

- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.
- Lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur.
- Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi eða á leiklistarviðburðum í skólanum.
- Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.
- Beitt einföldu formi leiklistar.

VS Tónmennt fyrir yngsta stig - Tónmennt hæfniviðmið fyrir 1.- 4. bekk

- Syngi í hóp fjölbreytt sönglög og þulur.
- Þjálfí taktskyn með þúls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.

- Geti hlustað á fjölbreytta tónlist með athygli og sýni viðbrögð við henni.
- Geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söng, tækni og túlkunar.